

Um aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026

Undanfarin ár hefur fjöldi innflytjenda aukist á Austurlandi eins og til annarra landshluta. Austurbrú ses. veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda menntun, menningu, nýsköpunar- og atvinnulífi innan fjórðungsins.

Austurbrú er viðurkenndur fræðsluaðili samkvæmt Menntamálastofnun og starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 (með síðari breytingum) auk þess að vera með EQM+ gæðavottun fyrir fræðslustarf í fullorðinsfræðslu.

Austurbrú er með starfsstöðvar í átta byggðakjörnum á Austurlandi og er sá aðili innan Austurlands sem veitir nær þjónustu til innflytjenda er varðar íslenskukennslu og aðlögun að samfélaginu, m.a. í gegnum samstarf við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Náms- og starfsráðgjöf sem og raunfærnimat er hluti verkefnanna, sem og greining þarfa vinnumarkaðarins fyrir fræðslu. Stöðugt er unnið að þróun viðfangsefna og verkefna út frá Svæðisskipulagi og sóknaráætlunar Austurlands, sem og stefnu stjórnvalda.

1. Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu.

Austurbrú fagnar þessari áherslu enda styður hún vel við hugmyndir okkar að þróun íslenskukennslunnar. Boðið hefur verið upp á íslenskukennslu á opnum námskeiðum og í samvinnu við atvinnurekendur á vinnustaðnum. Unnið er með Þróa ehf. að útbúa stuðningstækni, appið Lísu, er styður við starfstengdan og samfélagsmiðaðan orðaforða. Mikilvægt er að horfa til fjármögnunaleiða gagnvart þróun kennslunnar og þátttöku í námi/námskeiðum. Tryggja þarf einnig nærþjónustu einstaklinga og að þeir geti fengið staðbundna og persónulega kennslu er tengist tungumálinu. Kostur er að tungumálakennslan sé einnig samofið fræðslu um samfélagið og vinnustaðinn (ef við á). Mikilvægt er að geta boðið fram og tryggt framboð staðbundinna námskeiða, líka þar sem fáir eru og í dreifðum byggðum, þ.e. ekki setja 10 einstaklinga lágmark þar sem það gengur ekki upp. Lækka þarf það viðmið í flestum landsbyggðum. Tryggja þarf áfram fjármagn í þróunarvinnu.

Huga þarf einnig að þeim sem ekki eru komin í vinnu (eða fá ekki stuðning vinnuveitenda) og ættu að eiga þess kost að geta sótt íslenskukennslu. Sjá einnig punkt um „Valdeflingu“ neðar.

3. Virkjun Samevrópska tungumálarammans

Austurbrú hefur tekið þátt í alþjóðlegu þróunarverkefni með tveimur innlendum fræðsluaðilum í símenntun þar sem unnið hefur verið með Evrópska tungumálramman og þróun námsefnisins fyrir íslenskukennsluna. Við fögnum því að ríkisvaldið komi inn með heildarstefnu í innleiðingu tungumálarammans til samræmingar náms og kennslu.

5. Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli

Austurbrú fagnar því að innflytjendum geti staðið til boða fjarnám í hagnýtri íslensku sem öðru máli. Við vekjum þó athygli á því að í áætluninn er ekki gert ráð fyrir að staðlotur geti farið fram á Austurlandi. Við óskum því eftir að nemendum standi til boða staðlotur á Reyðarfirði eins og í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.

Annað

- **Starfsþróun kennara** – Leggja þarf áherslu á að efla og tryggja starfsþróun íslenskukennara er sinna þessum fjölbreytta markhópi með íslensku sem annað tungumál.
- **Nám við hæfi og samfella í námi** – Námið þarf að taka mið af bakgrunni og ólíkum þörfum fólks. Það þarf því að rýmka kröfur um lágmarksfjölda í námi/námskeiði, tryggja fjármagn og veita meiri sveigjanleika í framboði og framvindu náms án þess að falla frá kröfum um gæði námsins og samfellu. Námið þarf að standa öllum til boða hvort sem viðkomandi er í starfi, í endurhæfingu eða heimavinnandi. Æskilegt er að hafa skilgreind námsþrep án kostnaðarþátttöku einstaklingsins til að ná fram samfellu og fyrirsjáanleika í námsframboðinu.
- **Kennsluefni** – Endurskoða þarf allt námsefni og aðlaga að hæfniramma Evrópska tungumálarammans, samhliða því að aðlaga það að fjölbreyttari kennsluháttum og starfrænni miðlun. Huga þarf vel að nemum sem þurfa sérhæfð úrræði og til lengra náms til að ná betur grunnfærni og hæfni til að tala íslensku.
- **Valdefling** – mikilvægt er að tengja íslenskukennslu við íslenskt samfélag, menningu, félagsstarf og/eða atvinnulíf. Veita aukna hvatningu til að þróa leiðir til þess að valdefla einstaklingana samhliða námi þannig að þeir verði sjálfstæðir málnotendur og virkari þátttakendur í samfélaginu. Þetta fellur að þeirri áherslu að efla starfstengt íslenskunám en tenging náms við félagsstörf, heilsurækt, sköpun hverskonar (áhugamál) gæti líka verið áhugaverð leið til að ná til sem flestra.

Við tökum undir minnisblað og umsögn Símenntar, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, en Austurbrú ses er aðili að þeim samtökum.